



Jólaballíð

í Gullhömrum 16. desember

Félagsmönnum að kostnaðarlausu

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið laugardaginn 16. desember
í Gullhömrum Grafarholti kl. 14:00. Húsið opnar kl. 13:30.

- 🎄 Jólasveinar koma í heimsókn
- 🎄 Hljómsveit sér um dans og söng
- 🎄 Boðið verður uppá veitingar
- 🎄 Nammipokar fyrir börnin

Í ár verður Jólaball Eflingar-stéttarfélags félagsmönnum að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá sig rafrænt.

Skráning fer fram í gegnum heimasíðu Eflingar www.efling.is og geta einungis félagsmenn skráð sig. Skrá þarf nafn, kennitölu, netfang og símanúmer þess sem pantar miðana og velja fjölda fullorðins- og barnamiða.

Ath. að hámark 400 miðar verða í boði og því gildir fyrstur kemur fyrstur fær. Skráning hefst 8. desember kl. 8:15 og stendur til hádegis 15. desember. Nafnalisti verður við innganginn.

Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða lenda í vandræðum með rafræna skráningu geta haft samband við skrifstofu Eflingar í síma 510 7500 og skráð sig þar.